



Alþingi  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

3.5.2006

**Efni: Frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, 788. mál.**

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, 788. mál þingsins.

Frumvarp þetta byggir m.a. á skýrslu nefndar frá nóvember 2005 sem Samtök atvinnulífsins áttu aðild að. Samtökin styðja því meginefni þess en vilja þó gera nokkrar athugasemdir.

Samtök atvinnulífsins leggja til að 6. gr. frumvarpsins um vinnumarkaðsráð verði felld brott ásamt öðrum tilvísunum í ráðin. Ekki er nokkur sýnileg þörf fyrir ráð þessi og fullvist að þau eru andvana fædd, eins og forveri þeirra. Í gildandi lögum ganga sams konar ráð undir nafninu svæðisráð og hafa þau þau lognast út af þrátt fyrir að lögin kveði á um að þau skuli koma saman mánaðarlega. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hin svæðisbundnu vinnumarkaðsráð skili skýrslu ár hvert til stjórnar Vinnumálastofnunar um stöðu mála og tillögum um aðgerðir. Ekki er kunnugt um að svæðisráðin, sem skv. gildandi lögum eiga einnig að skila slíkum skýrslum, hafi nokkru sinni gert það. Spurning er hver eigi að skrifa þessar skýrslur og hvort löggjafinn sé að fara fram á hópvinna ráðsmanna í sjálfboðaliðsvinnu við umrædd skýrsluskrif. Ef hugmyndin er sú að forstöðumenn svæðisvinnumiðlana skrifi skýrslurnar þá er rétt að það sé skráð í lögin, en þá er óþarfi að blanda þessum vinnumarkaðsráðum í málið. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að Samtök atvinnulífsins tilnefni 16 fulltrúa og jafn marga til vara í þessi skýrsluskrifandi vinnumarkaðsráð. Í ljósi reynslunnar af svæðisráðunum og tilgangssleysi þeirra er áhugi Samtaka atvinnulífsins afar takmarkaður á því að tilnefna alla þessa fulltrúa í umrædd vinnumarkaðsráð.

Í 14. gr. segir að fram skuli fara heildarendurskoðun á aðstæðum atvinnuleitanda eigi síðar en þremur árum eftir að hann sótti fyrst um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og hann er enn án atvinnu. Þetta er allt of langur tími og væri æskilegt að slík heildarendurskoðun eigi sér stað innan sex mánaða. Rannsóknir sýna að niðurbrotsferli einstaklinga hefst eftir fáeinar vikur í atvinnuleysi og að eftir sex



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

mánuði er orðið fremur ólíklegt að atvinnulausir eigi afturkvæmt inn á vinnumarkaðinn.

Í nefnd félagsmálaráðherra var samkomulag um það að kostnaði vegna vinnumarkaðsaðgerða yrði létt af atvinnuleysistryggingasjóði og hann færður yfir á ríkissjóð vegna hins mikla kostnaðarauka sem hlíst af tekjutengingu atvinnuleysisbóta. Skilja má umsögn fjárlagakrifstofu fjármálaráðuneytisins á annan veg en afstaða félagsmálaráðuneytisins hefur verið skýr í þessum efnum. Gera verður því ráð fyrir auknum útgjöldum ríkissjóðs og lækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs hvað þennan þátt varðar.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri